

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundalóðar við Hafravatn, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 13. desember 2006 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag frístundalóðar við Hafravatn, landnúmer 125380. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á lóðinni, sem er um 6.200 m<sup>2</sup> að stærð, megi reisa frístundahús allt að 60 m<sup>2</sup> auk 10 m<sup>2</sup> geymsluhúss.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 16. mars 2007,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. mars 2007